



Rangárþing ytra
Bt. Agúst Sigurðsson
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

Gunnarsholt 17. nóvember 2016.

Efni: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ á árinu 2016.

Frá árinu 1990 hefur Landgræðsla ríkisins verið í samstarfi við fjölmarga bændur um uppgræðslu á gróðursnaðum svæðum í heimalöndum þeirra í verkefninu „Bændur græða landið“ (BGL). Samstarfið felst í að Landgræðslan styrkir þátttakendur til áburðarkaupa, leggur til fræ og veitir faglega ráðgjöf við uppgræðslu landsins en landeigendur sjá um allar verklegar framkvæmdir vegna þessa. Ávinningur samstarfsins er margþættur. Fyrst má nefna að bændur hafa stöðvað gróður- og jarðvegsrof á þúsundum hektara lands undir merkjum verkefnisins og vistkerfi þessara röskuðu svæða að sama skapi verið byggð upp á ný. Þannig hefur verkefnið breytt ásýnd heilu sveitanna til hins betra, bætt beitarnýtingu úthaga, stuðlað að aukinni gróðurvernd og byggt upp öflugt tengslanet milli bænda og Landgræðslunnar.

Í Rangárþingi ytra voru 24 þátttakendur í verkefninu árið 2016. Þeir báru á 49,6 tonn af áburði á um 250 ha lands auk fræs. Framlag Landgræðslu ríkisins til áburðarkaupa í sveitarfélaginu var á árinu 2016 kr. 2.802.400,-. Landgræðslan telur þetta samstarfsverkefni eitt af sínum mikilvægari verkefnum og leitar því fjárstuðnings Rangárþings ytra við það. Stuðningur sveitarfélaga við verkefnið er mjög mikilvægur þar sem hann styrkir viðgang þess og eykur líkur á aðkomu fleiri bænda og annarra landeiganda að landbótum. Undanfarin ár hafa mörg sveitarfélög í landinu lagt verkefninu lið með fjárframlögum.

Önnur verkefni: Fimm verkefni í sveitarfélaginu fengu styrki úr Landbótasjóði Landgræðslunnar að upphæð alls 7.310.000,- þar sem m.a. var unnið er að uppgræðslu á afréttum í sveitarfélaginu.

Landgræðslan fer þess vinsamlega á leit við Rangárþing ytra að BGL og önnur verkefni ársins 2016 í sveitarfélaginu, verði styrkt að upphæð 200.000,-

Ef frekari gagna um verkefni Landgræðslunnar á svæðinu er óskað, þá vinsamlega hafið samband við neðangreindan héraðsfulltrúa.



Með kærri kveðju,
F.h. Landgræðslu ríkisins

Gardar Þorfinnsson
Gardar Þorfinnsson
Héraðsfulltrúi